

Skólaráðsfundur 4.maí 2016

Mættir:

Pórey, Steinunn, Dóra, Jón Steinar, Kristín, Stefanía, Erna

Dagskrá

Brúin þróunarverkefni

Er í mótun, margt hefur gengið vel og annað sem hefur þurft að þróa. Höfum rætt um verkefnið við nemendur og misjafnar skoðanir en flestir ánægðir. Leyfa nemendum að vera með í að móta verkefnið. Mörg verkefni mjög flott, metnaðarfull, gaman að sjá hvað þau velja í frjálsu verkefnunum. Við bökkum ekki til baka heldur höldum áfram að þróa þetta verkefni.

Planið að fá inn sérfræðing í haust til að fá mat á vinnu okkar.

Gott að hafa morgun- og lokastund, verður áfram.

Næsta skólaár starfsmenn/nemendur

Í dag eru 42 nem – í vor fara 10 nem úr skólanum og 2 inn í haust. Lítur því út fyrir að á næsta skólaári verði 36 nem.

Ekki alveg vitað með leikskólann, en jafnvel verður sótt um fyrir 1-2 börn.

Agnieszka er að fara í ársleyfi. Eygló fer í ársleyfi frá eldhúsinu. Suncana hættir sem grunnskólakennari en kemur áfram í tónlistarskólann, u.þ.b. 2 daga í viku. Auglýstar voru 2 lausar kennarastöður. Lítið um umsóknir en komin er leiðbeinandaumsókn og staða Sóleyjar verður jafnvel samnýtt – leikskólinn/sérkennsla. Ingibjörg hættir vegna aldurs.

Skóladagatal

Skóladagatal verður lagt fyrir fræðslunefnd eftir 2 vikur. Á aðalfundi foreldrafélagsins var rætt um vorleyfið – á þetta að haldast eða breyta? Staðan er breytt frá því þegar þetta var sett á – gott væri að leggja fyrir könnun, hvað vilja foreldrar?

Það eru þáttaskil í skólastarfinu við þetta vorleyfi, breyting í starfinu þegar komið er til baka úr þessu leyfi.

Upphaf og lok skóla eru á sama tíma í skólum á Fljótsdalshéraði. Skóladagatalið er að stærstum hluta eins hjá öllum skólunum.

Spurning um að setja foreldradag í júní inn á dagatalið.

Fjárhagsáætlanir

Árið 2015 kom bara vel út. Ekki gerður rammi fyrir næsta fjárhagsár strax – farið verður í þá vinnu í haust. Rauntölur fyrir 2015 – reksturinn var 119 mill.

Brúarásskóli er í ca miðju á rekstri miðað við sambærilega skóla.

Spurt út í viðhald á húsnæðinu. Búið að samþykkja einhverjar framkvæmdir; glugga í matsal, glugga hjá unglingum og gólfduk þar. Eldhúsið verður klárað í sumar, hitt í haust.

Rætt um rafmagn og hvort ekki á að fara að virkja og spara! Ríflega 4 mill fóru í þennan lið á síðasta ári. Þetta hefur oft verið rætt, ekkert gerist!

Kannanir vetrarins

2 nem.kannanir lagðar fyrir á ári, 1 könnun hjá foreldrum og 1 hjá starfsfólki. Ekki nógu góð þátttaka hjá starfsfólki. Ef svörun er undir 80% er hún ekki marktæk og þá ekki tekin í landsmeðaltalið.

Hér er ekkert úrtak, svo fámennur skóli, allir nemendur taka þátt.

SMS ætlar að gera matsskýrslu um kannanirnar.

Staða verkefna

Flöggðuðum Grænfánanum í janúar.

Nordplus styrkurinn, fórum til Færeyja í haust. Færeyingar vilja endilega halda sambandinu áfram. Komin sterk tengsl.

Ferð innan skamms til Danmerkur, mikill spenningur, niðurtalning löngu hafin!

Legoverkefnið komið til að vera.

Mikið af verkefnum í boði fyrir grunnskóla landsins – við ráðum bara við að taka þátt í ákveðnum verkefnum. Tökum þátt í föstum verkefnum og reynum svo að taka eitt og eitt með. Svo fámennur skóli getur ekki tekið þátt í öllu.

Fylgjum verkefni hér á austurlandi um að styrkja læsi og stærðfræði.

Nýja aðalnámskráin styrkir okkar kennsluhætti – auka hæfni nemenda.